

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fara fram sunnudaginn 28. júní 1964.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um, að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna, en mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr **Sunnlendingafjórðungi** (Vestur-Skaftafellssýslu — Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 1017 meðmælendur, en mest 2034.

Úr **Vestfirðingafjórðungi** (Mýrasýslu — Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 141 meðmælandi, en mest 282.

Úr **Norðlendingafjórðungi** (Vestur-Húnavatnssýslu — Suður-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 240 meðmælendur, en mest 480.

Úr **Austfirðingafjórðungi** (Norður-Þingeyjarsýslu — Austur-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 102 meðmælendur, en mest 204.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36/1945, sbr. lög nr. 39/1963, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 15. marz 1964.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius

AUGLÝSING

um flokkun á kartöflum.

Tilraunaráð jarðræktar hefur samkvæmt ákvæðum 14. gr. reglugerðar nr. 162 28. september 1962, um Grænmetisverzlun landbúnaðarins, mat og flokkun kartaflna og grænmetis, ákveðið að kartöflum skuli skipað í flokka sem hér segir:

I. flokkur:

Gullauga (Helga).

Rauðar íslenzkar.

Möndlukartöflur.

Bintje (stærð 45 gr. og stærri).

II. flokkur:

Rya.

Eiginheimer.

Alpha.

Dir. Johannson.

Ackersegen (Akurblessun).

Gular íslenzkar.

King Edward.

Júlí.

Furore.